



Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 3. tbl. desember 2008

Félagsfundur verður haldinn í Tannlæknafélagi Íslands í félagsheimilinu að Síðumúla 35, fimmtudaginn 11. desember og hefst kl. 18.00.

Ægir Rafn Ingólfsson tannlæknir og jógakennari fer með okkur í ferðalag um óravíddir mannsheilans. Streitustjórnun?.... Streituaðlögun?....æskileg?....nauðsynleg?.... Eru til nothæfar aðferðir eða eru þær ónýtar?....er til niður staða?

Kvöldverður að hætti Eldhúss Sælkerans og eru kokkarnir í jólaskapi.

Munið að skrá ykkur í matinn til að áætla veisluföng. Skráning á tannsi@tannsi.is eða í síma 575 0500

Dagskrá félagsfundar hefst að snæðingi um kl. 20.00 með hefðbundinni dagskrá.

Félagsmál
Önnur mál

Á undan félagsfundi TFÍ verður aðalfundur haldinn í Félagi ungra tannlækna og hefst fundurinn kl. 17.00 í sal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Ungir tannlæknar á öllum aldri eru hvattir til að mæta og endurvekja þennan ágæta félagsskap

VEIT PUNKTAR

Vinsamlega sendið skrifstofu upplýsingar, vegna endurmenntunar sem þið hafið sótt á liðnu ári.

VEIT merkingar (Virk endurmenntun íslenskra tannlækna) í símaskrá þurfa að berast fyrir miðjan janúar.

tannsi@tannsi.is
fax: 575-0501

Árspaning TFÍ 2008

Árspaning TFÍ var haldið í Laugardalshöll dagana 17-18. október sl. Fyrirlestur fyrir aðstoðarfólk tannlækna voru haldnir á Hotel Hilton þann 17. október. Fyrirlesarar hjá tannlæknum voru þau Iréne Sailer og Ronald Jung og fjallaði fyrirlestur þeirra um "Útlits- og tanngervalausnir á nýrri öld". Voru tannlæknar almennt ánægðir með fyrirlesarana en endurskoðað verður með staðsetninguna í Laugardalshöllinni en þar fór ýmislegt úrskeiðis, t.d. þótti maturinn ekki tannlæknum bjóðandi. Verða athugasemdir tannlækna teknar til alvarlegrar skoðunar enda eru ánægðir tannlæknar grundvöllur ársþingsins. Að þessu sinni var boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir tanntækna með úrvali af íslenskum fyrirlesurum. Þeir voru Unnur Njarðvík sálfræðingur, Sigurður Örn Eiríksson tannlæknir, Elín Sigurgeirsdóttir tannlæknir, Bjarni E. Pétursson tannlæknir og Gauti Grétarsson sjúkráþjálfari. Var mikil ánægja með þessa fyrirlesara. Vörusýning var haldin samhliða ársþinginu og er þátttakendum á henna þökkuð samvinnan.



Árshátíð TFÍ 2008

Ákveðið var að prófa að halda árshátíð TFÍ árið 2008 þrátt fyrir að undanfarin ár hafi hún verið haldin annað hvert ár og því ekki "árshátíðarár" þetta árið en men voru hvergi bangnir enda ótrúlegt fjör á 80 ára afmælishátíðinni sem haldin var í fyrra. Frá því að ákveðið var að halda árshátíðina og þar til hún var haldin gerðust undur og stórmerki í íslensku efnahagslífi en það aftraði samt sem ekki um það bil 100 tannlæknum og gestum þeirra frá því að skemmta sér hið besta á Súlnasal Hótel Sögu. Veislustjórar voru þeir Bjarni E. Pétursson og Hallur Hallsson og lýstu þeir Súlnasalinn kreppulaust svæði á meðan á skemmtunninni stóð.



Skemmtiatriði voru öll heimagerð og er þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu í þessu sambandi þökkuð góð störf og góð "gíg". Við höldum svo okkar striki ótrauð og höldum árshátíð að ári liðnu. Skemmtinefnd fær sérstakar þakkir fyrir að skipuleggja árshátíðina með svona skömmum fyrirvara.



REGLUR NEYÐARVAKTAR

1. Skrifstofa TFÍ skipuleggur neyðarvakt á höfuðborgarsvæðinu fyrir eitt ár í senn. Listinn er sendur í byrjun árs til þeirra tannlækna sem hafa skráð sig á vaktina. Nánari upplýsingar á símsvara.

2. Neyðarvakt er eingöngu ætluð þeim tannlæknum sem hafa brennandi áhuga á starfsemi vaktarinnar. Hún er ekki ætluð þeim sem ekki hyggjast sinna henni sjálfir heldur láta öðrum tannlæknum hana í té. Skrifstofa TFÍ skipuleggur vaktina og dreifir vöktum til tannlækna.

3. Tannlæknir skal hafa tannlæknastofu sína opna milli kl. 11 og 13 laugardag og sunnudag og sinna bakvakt eingöngu þegar um neyðartilfelli er að ræða þ.e.a.s. frá mánudegi á eftir til og með föstudegi eingöngu á þeim tíma sem stofan hans er opin. ekki er um bakvaktir að ræða um kvöld og nætur.

4. Á neyðarvakt og bakvakt ber aðeins að sinna neyðartilfellum (lína þjáningar). Vísa skal sjúklingi til eigin tannlæknis sé þörf á frekari aðgerðum. Tannlækni er óheimilt að nota neyðarvakt til að afla sér varanlegra viðskipta.

5. Tannlæknir á neyðarvakt ber ábyrgð á þeim tíma sem honum er úthlutaður og skal útvega tannlækni í sinn stað ef um breytingu er að ræða. Slíkar breytingar skal tilkynna strax til skrifstofu TFÍ og í síðasta lagi fyrir lokun skrifstofu TFÍ kl. 16 á fimmtudegi.

6. Neyðarvaktartannlæknar skulu upplýsa skrifstofu TFÍ um mál sem upp kunna að koma, svo sem kvartanir, tillögur að breytingum o.fl. Skrifstofu ber að koma þessum ábendingum til stjórnar TFÍ.

7. Neyðarvaktartannlæknar skulu hlíta siðareglum TFÍ í einu og öllu. Brot á siðareglum og starfsreglum neyðarvaktar varða brottrekstri af neyðarvakt.

Í IV. kafla siðareglna (Ákvæði um samskipti tannlækna) segir:

Tannlækni er skylt að sýna öðrum tannlæknum drengskap og háttvísi. Honum ber að vera grandvar í umtali við sjúklinga og aðra utanfélagsmenn um verk og framkomu félagsmanna. Hann skal forðast óréttmæta gagnrýni um störf annarra tannlækna eða véfengja þekkingu þeirra. Hann skal ekki eiga hlutdeild í ráðstöfunum sem leitt geta til skerðingar á atvinnuöryggi annars tannlæknis nema öryggi sjúklinga eða almannaheill sé í húfi, að hans álit. Ef hann telur ástæðu til íhlutunar, vegna vanhæfni eða misferlis tannlæknis í starfi, skal hann snúa sér til stjórnar Tannlæknafélags Íslands eða landlæknis.

Hverjir verða á neyðarvakt um jólin?
Leitið upplýsinga á heimasíðu
Tannlæknafélagsins tanni.is

Skipurit neyðarvaktar verður sent út í fyrstu viku í janúar, því er áriðandi að þeir sem vilja vera á neyðarvakt á næsta ári hafi samband við skrifstofu í síðasta lagi 15. desember.

Á jólnum er gleði og gaman.

Jólaball TFÍ verður haldið laugardaginn 27. desember milli kl. 16-18.00 í sal félagsins í Síðumúla 35.



Guðmundur Haukur og jólasveinarnir þeir Kjötkrókur og Skyrgámur skemmta börnunum og gefa þeim eitthvað sniðugt.

Frítt fyrir félagsmenn, maka, börn og barnabörng þeirra, mætum öll og gleðjumst saman.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 18. desember með tölvupósti til félagsins til að áætla þátttöku.

Krepputal og tannheilsa

Eins og alþjóð veit hefur hið opinbera sýnt ráðdeild og sparsemi á örfáum sviðum undanfarin 10-15 ár. Sá liður sem ríkinu hefur tekist að spara einna mest á í heilbrigðissviðinu er endurgreiðsla til tannheilsugæslu tryggðra sjúklinga. Ekki hefur farið mikið fyrir þessum hópi tryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra, þó bætur til þeirra hafi verið skertar mikið á undanförunum árum. Íslenska ríkið hefur undanfarin ár veitt talsvert lægri upphæð til tannlækninga íslenskra barna og ungmenna en gert er á hinum Norðurlöndunum og eru samt tannskemmdir miklu algengari í þessum hópi hér á landi en þar. Tannlæknar hafa verið í afar sérstæðri aðstöðu í þessum málum. Einungis 20-30% af sjúklingahóp hins almenna tannlæknis eru tryggðir sjúklingar og því etv skiptir sá sjúklingahópur tannlækna ekki afgerandi máli í sambandi við rekstur stofunnar. Við erum sjálfstæðir atvinnurekendur og eigum og verðum samkvæmt samkeppnislögum að hafa samkeppni okkar á milli og samráð eru okkur bönnuð með lögum. Því verðum við bara að reka okkar stofur á hagkvæman hátt og notast við þá gjaldskrá sem hver og einn verður að hafa til að geta lifað mannsæmandi lífi.

Hins vegar erum við líka læknar og berum því siðferðislega skyldu til að benda á, að okkar minnstu bræður og systur hafa eins og staðan er í dag margir hverjir ekki fjárráð til að sinna grunn tannheilsugæslumálum sínum. Þá kemur það annarlega viðhorf stjórnvalda og heilbrigðisyfirvalda að við séum eingöngu að skara eld að eigin köku með því að fara fram á hækkun endurgreiðslu hjá tryggðum sjúklingum. Í raun eru okkar samningaviðræður (sem ekki hafa verið viðamiklar sl. 10 ár) samningaviðræður um kjör fyrir þriðja aðila en ekki okkur sjálf.

Þessi raunlækkun útgjalda hins opinbera til tannheilsugæslu sem átt hefur sér stað undanfarin áratug, gekk svona sæmilega í góðærinu og eins var að tannskemmdir voru ennþá fátíðar eftir sameiginlegt átak, heilbrigðisyfirvalda, tannlækna og foreldra á árum áður. Það var samt sem áður tilfinning tannlækna á nýrri öld að tannskemmdum færi ört fjölgandi hjá börnum og ungmennum. Það fékkst staðfest í Munnis rannsókninni 2005. Þá átti nú aldeilis að fara að taka á málunum, semja við tannlækna og bæta hag fjölskyldna, elli- og örorkuþega. Minnistæðar eru auglýsingar fyrir alþingiskosningarnar 2007 og geymir Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) þær vel og vandlega.

Nú í lok árs 2008 er staðan þessi. Kreppa er skollin á, ekkert hefur verið talað við tannlækna og enn og aftur á að lækka framlög til tannheilsugæslunnar. Eini samningurinn sem ríkið hefur gert við tannlækna rennur út í lok ársins. Með nýjum lögum um Sjúkratryggingar Íslands virðist samningsréttur vera tekinn af öllum fagfélögum á heilbrigðissviði. Nú verður einfaldlega farið í útboð og þeir sem sætta sig við þá kosti sem ríkið býður geta verið í samningi við ríkið en hinir ekki. Ekki verður lengur um samninga að ræða heldur mun ríkið deila og drotna. Nú ríður á að tannlæknar láti ekki plata sig, sýni samstöðu og láti ríkið ekki rjúfa samstöðu tannlækna. Við höfum fullan rétt á því sem fagfélag að sinna hagsmunagæslu fyrir okkar féлага. Annars er það reyndar orðið þannig að hlutur ríkisins í endurgreiðslum er orðinn svo hlægilega lágur að hann skiptir flesta tannlækna ekki nokkru máli.

Svo virðist sem engin opinber stefnumörkun sé í tannheilsumálum þjóðarinnar, engin stefna nema þá helst sú að minnka raunframlög ríkisins til tannlækninga ár eftir ár. Það er hins vegar grundvallaratriði að við sem læknar stöndum vörð um það að tannheilsugæslan sé hluti af almennri heilsugæslu og því verðum við að halda áfram að berjast fyrir auknum endurgreiðslum fyrir skjólstæðinga okkar. Það er augljóslega enginn annar sem hugsar um hag þeirra því það sem þetta 15 ára tímabil hnignunar í tannheilsugæslumálum þjóðarinnar skilur eftir sig er hæsta tannskemmdatiðni barna og ungmenna á Norðurlöndunum og þótt víðar væri leitað, foreldrar sem ekki fara með börnin sín til tannlæknis fyrr en þau eru grátandi af tannþínu, öryrkjar og aldraðir sem háltannlausir verða að jappa á mauksoðnum mat í stað þess að fá að notast við alvöru gerðir af tanngerfum. Þetta var fyrirhyggjulaus sparnaður af hálfu heilbrigðisyfirvalda og ráðamönnum ekki til sóma.

ATVINNA ERLENDIS-EITTHVAÐ FYRIR ÞIG?

Það er ekki svo vitlaus hugmynd að nota kreppuna í að auka víðsýni sitt, bæta við gjaldeyrisforða landsins og prófa eitthvað nýtt. Það eru áhugaverð störf í boði fyrir tannlækna á Norðurlöndunum. Hér eru nokkrar krækjur en skrifstofa TFÍ getur gefið meiri upplýsingar og einnig eru upplýsingar um fylgiskjöl til að öðlast réttindi í viðkomandi landi að finna á heimasíðu félagsins tanni.is

Danmörk

http://www.tandlaegejob.dk/vis_soegning_resultatliste.dsp

(hér þarf að fara neðst á síðuna og krækja við tandlægejob)

Svíþjóð

<http://www.tlplatsannonser.se/index.php>



Noregur

<http://www.tannlegetidende.no/pls/dnttp/annonser.meny>